

Alþingi
Erindi nr. P 125/1435
komudagur 4.4.2000

Austurhérað 2. apríl 2000
Félag skógarbænda á Héraði

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Stjórn Félags skógarbænda á Héraði hélt stjórnarfund 2. apríl árið 2000. Á þeim fundi var tekið til umsagnar frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 386. mál. Vill stjórnin biðjast afsökunar á að bréfi yðar skuli ekki hafa verið svarað fyrir.

Stjórn Félags skógarbænda á Héraði gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpsdrögin í 8 liðum.

1. Stjórn Félags skógarbænda á Héraði fagnar því að skógrækt falli undir lög um umhverfismat.
2. Stjórn Félags skógarbænda á Héraði telur að vinnureglur skipulagsstofnunnar hljóti að skipta miklu máli í þessu sambandi og á því í vanda með að taka afstöðu til laganna í heild, nema að þær séu kunnar. Eðlilegt hlýtur að teljast að hægt sé að ganga að ákveðnu ferli vísu.
3. Stjórn Félags skógarbænda á Héraði telur að stærðarmörkin 40 ha sé of lítil viðmiðun. Nær væri að miða við 500 – 1000 ha.
4. Stjórn Félags skógarbænda á Héraði telur að kostnaður við umhverfismat geti sligað skógarbændur og komið í veg fyrir að bændur geti hafið skógrækt á jörðum sínum. Vill stjórnin í því sambandi nefna að í Skotlandi hefur kostnaðar við mat á umhverfisáhrifum fælt þarlenda bændur frá skógrækt á eignarjörðum. Þess í stað er hún aðeins stunduð af stóreignarmönnum og óðalseigendum sem lagt geta stór samfelld svæði undir skógrækt.
5. Stjórn Félags skógarbænda á Héraði telur að gera megi löggin gleggri hvað varðar stærð svæða sem tekin eru til skógræktar. Ákvæði vantar um skilgreiningar á stærðum og túlkun er óljós. Því vill stjórnin varpa fram eftirfarandi spurningum. Er talað um samfelld svæði, eða dragast tún, mýrar, melar og önnur skóglaus svæði frá skóginum? Er verið að fjalla um skógrækt innan ákveðins tímabils? Hvað um landgræðslu, sem endað getur með hástigsgróðri, þ.e.a.s. skógi? Hvað um stækkun skóglenda sem gerir skóginn stærrí en viðmiðunin segir til um, jafnvel þótt sjálf stækkunin sé innan markanna? Hvað með bújarðir sem liggja hvor að annarri og hvor framkvæmdaraðili um sig er innan uppgefna marka en stærð hins samfellda skógar yfir mörkunum? Þannig mætti eflaust lengi spyrja.

6. Stjórn Félags skógarbænda á Héraði gerir sér ekki grein fyrir hvað átt er við með mótvægisáðgerðum í sambandi við skógrækt.
7. Stjórn Félags skógarbænda á Héraði minnir á að skógrækt er afturkræf áðgerð
8. Stjórn Félags skógarbænda á Héraði minnir á jákvæð áhrif skógræktar s.s. bættan vatnsbúskap, almennar jarðvegsbætur, aukna fjósemi, aukið skjól, fjölbreyttari skilyrði flóru og fánu, bindingu koltvísýrings, uppbyggingu auðlindar og aukna atvinna í hinum dreifðu byggðum.

Fyrir hönd stjórnar

Þorsteinn Pétursson

Sigurður Arnarson

Jón Steinar Elisson

Hákon Aðalsteinsson